

REGLUGERÐ

um greiðslu uppbótar á atvinnuleysisbætur.

1. gr.

Á árunum 1992 og 1993 skal Atvinnuleysisstryggingasjóður greiða uppbót á atvinnuleysisbætur samkvæmt því sem segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Uppbótin reiknast þannig að fundið er meðaltal dagpeninga á mánuði á tímabilunum 1. febrúar til 30. apríl 1992 og 1. september til 30. nóvember 1992. Barnadagpeningar reiknast ekki með. Sú upphæð, sem þannig fæst er dregin frá kr. 80 000 miðað við fullar bætur allan viðmiðunartímamann. Viðmiðunarpuppæðin lækkar í hlutfalli við bótahlutfall og fjölda bótdaga á tímabilinu. Uppbótin verður helmingur þannig fenginnar niðurstöðu.

Uppbót greiðist aðeins þeim sem við lok viðmiðunartímabils hafa notið bóta í 87 bótdaga eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

3. gr.

Atvinnuleysisstryggingasjóður leggur úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta til skrá um uppbót fyrir hvern bótdag samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 1. gr. laga nr. 50/1992 um breytingar á lögum nr. 96/1990, um atvinnuleysisstryggingar, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðjón Magnússon.

22. júlí 1992

Nr. 287

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 125/1992 um greiðslur verðmiðlunargjalda til mjólkurbúa árið 1991.

1. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar bætist:

Þá skal við ákvörðun á verðmiðlunarþörf einstakra mjólkurbúa taka tillit til samstarfs-samninga og samninga sem mjólkurbú hefur gert við þriðja aðila um framkvæmd tiltekinna þátta við flutning, móttöku, vinnslu og markaðssetningu mjólkurvara sem telja verður að annars væri eðlilegur þáttur í rekstri og starfsemi mjólkurbúsins með hliðsjón af starfsemi annarra mjólkurbúa er verðmiðlun tekur til. Skal slíkur rekstur reiknaður sameiginlega við útreikninga skv. 4. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. júlí 1992.

Halldór Blöndal.

Jóhann Guðmundsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 64/1992 um gjaldskrá fyrir tollskýrslueyðublöð.

1. gr.

Við 1. gr. auglýsingarinnar bætist ný mgr. er hljóðar svo:
Verð það sem greint er í 1. mgr. er með virðisaukaskatti.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 148. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 22. júlí 1992.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Rúna S. Geirsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Beruneshrepps, Búlandshrepps og Geithellnahrepps í Suður-Múlasýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 17. júlí 1992 staðfest sameiningu Beruneshrepps, Búlandshrepps og Geithellnahrepps í Suður-Múlasýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram laugardaginn 5. september 1992, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandaðri kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hæppsnefndirnar skulu